

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. febrúar 2009
Tilvísun: UST20081200167/áb

Efnistaka af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa - svör við umsögn Umhverfisstofnunar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunnar dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er svars Umhverfisstofnunar á svari framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar á frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum efnistöku af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa.

Umhverfisstofnun telur gæta ákveðins misskilnings í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 2. febrúar 2009. Er það von stofnunarinnar að hér verði þeim misskilningi eytt.

Varðandi fyrirspurn Umhverfisstofnunar um það hvort framkvæmdin sé í anda sjálfbærrar þróunar vill stofnunin benda á nauðsyn þess að fram komi hvort sú botngerð sem mun eftir standa, að lokinni námuvinnslu, líkist þeirri botngerð sem var fyrir námuvinnslu. Að mati stofnunarinnar er það forsenda þess að það lífríki sem fyrir er nái aftur fótfestu á námusvæðunum. Umhverfisstofnun fer því ekki fram á við framkvæmdaraðila að hann leggi fram upplýsingar um magn nýtanlegs efnis á svæðinu.

Varðandi rannsóknir Hermanns Einarssonar og Sólmundar Einarssonar bendir Umhverfisstofnun á að töluverður munur er á viðkomandi rannsóknum. Að mati Umhverfisstofnunar má ætla að rannsókn Hermanns Einarssonar, sem byggja á sýnatöku í Faxaflóa fyrir 1940, sé gerð á óröskuðu svæði. Það hefði verið æskilegt að rannsókn Sólmundar Einarssonar, með sýnatöku 16. mars og 6. apríl 2008, væri samanburðarhæf við rannsókn Hermanns. Stofnunin tekur undir það að ábendingar af þessu tagi eiga heima á undirbúningsstigi umhverfismats. Varðandi svar framkvæmdaraðila að „óröskuð svæði eru ekki til í Faxaflóa“ bendir stofnunin á að slíkar fullyrðingar eru ekki studdar með gögnum í frummatsskýrslu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um hrygningu nytjastofna í Faxaflóa kemur fram að „Námusvæðin skarast á við gjöful dragnótarmið þar sem margir fiskistofnar hrygna, t.d. margar tegundir flatfiska og sili“. Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að „Samkvæmt niðurstöðum Hafrannsóknastofnunarinnar er einungis talið að marsíli hrygni innan

námusvæða“ . Umhverfisstofnun bendir á að í viðauka 3 við frummatsskýrsluna, er samtekkt Jónbjörns Pálssonar yfir afla í Faxaflóa. Í þeim aflagögnum kemur skýrt fram, að það hafi veiðst bæði skarkoli og sandkoli í hrygningarástandi á dragnótaveiðislóð í Faxaflóa, þar með talið á sjálfu námusvæðinu. Umhverfisstofnun telur upplýsingar um hrygningu nytjastofna í Faxaflóa vera takmarkaðar, og því vart hægt að álykta að eingöngu marsíli hrygni innan námusvæða í Faxaflóa.

Að mati Umhverfisstofnunar þurfa að koma fram upplýsingar í matsskýrslu, um hvort og með hvaða hætti lífríkið nái að nema land á nýju eftir að námuvinnslu lýkur. Stofnunin telur einnig nauðsynlegt, að við frekari rannsóknir á botndýrafánu og flóru í Faxaflóa, verði litið til samanburðarhæfni við eldri rannsóknir.

Virðingarfyllst

Ásgeir Björnsson
sérfræðingur

Halti J. Guðmundsson

Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri